

## 6. gr.

Stjórnin skal ávaxta sjóðinn á tryggum stað. Hún ræður úthlutun úr sjóðnum, og heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Formaður boðar fundi. Einfaldur meiri hluti atkvæða, stjórnar og varastjórnar, ræður úrslitum, þegar taka skal ákvarðanir um gjafir eða styrki úr sjóðnum. Í öðrum málum ræður einfaldur meiri hluti atkvæða aðalstjórnar. Stjórnin leggur fram endurskoðaða reikninga sjóðsins árlega á aðalfundi kvenfélagsins. Skulu reikningarnir miðaðir við almanaksárið.

Stjórnin skal hafa alla forgöngu um fjáröflun til sjóðsins.

## 7. gr.

Beiðni um styrk úr sjóðnum má senda einhverri úr stjórn sjóðsins. Stjórnarmeðlimir mega eiga frumkvæði að styrkveitingum, ef augljós þörf er, eða þeir vilja láta bróðurþel og kærleika félaganna koma fram í gjöf frá sjóðnum.

## 8. gr.

Ekkert má veita úr sjóðnum, fyrr en hann er orðinn kr. 100 000.00 — eitt hundrað þúsund krónur —, og þá upphæð má ekki skerða. Þegar sjóðurinn hefur náð þessari upphæð, má veita úr honum, eftir fjárbag sjóðsins hverju sinni. Verðbréf, sem sjóðnum kunna að áskotnast, skulu leggjast við höfuðstól, og fer um ráðstöfun vaxta þeirra eins og um aðra vexti sjóðsins.

## 9. gr.

Hætti Kvenfélag Laugarnessóknar störfum, skal sjóðurinn geymast í vörzlu biskups, þar til annað félag verður endurvakið á sama stað, er starfi að sama markið og samþykki skipulagsskrá þessa í aðalatriðum.

## 10 gr.

Skipulagsskrá þessari má ekki breyta, úr fella eða við auka, nema rætt hafi verið á tveim félagsfundum, hvorum eftir annan, og skal annar fundurinn vera aðalfundur. Breytingar eru því aðeins gildar, að þær hafi fengið  $\frac{2}{3}$  hluta greiddra atkvæða á síðari fundinum.

## 11 gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari og er þar með úr gildi fallin eldri skipulagsskrá sjóðsins frá 31. marz 1952.

Reykjavík, 24. júní 1969.

Í stjórn Minningar- og Líknarsjóðs Kvenfélags Laugarnessóknar.

Sigríður Ásmundsdóttir. Ásta Jónsdóttir. Jenny Bjarnadóttir.

## G J A L D S K R Á

## fyrir Vatnsveitu Bíldudals.

1. Árlegur vatnsskattur. Af fasteignamatsverði húsa skal greiða árlegan vatnsskatt 1.2%. Lágmark kr. 500.00.
2. Aukavatnsskattur. Sé vatn notað til annars en heimilisnotkunar og vatn ekki selt eftir mæli, skal greiða af fasteignaverði húsa árlegan aukavatnsskatt 1.2%.

## 3. Vatnssala samkvæmt uppsettum mæli:

Fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 1.20.

Ársleiga fyrir mæla:

Stærð	mælis	5— 10	m <sup>3</sup> /kls.	.....	kr. 250.00
—	—	10— 20	—	.....	— 300.00
—	—	20— 50	—	.....	— 500.00
—	—	50—100	—	.....	— 700.00

## 4. Vatnssala til skipa. Fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 15.00.

Sé vatn afgreitt í nætur- eða helgidagavinnu er afhendingarmanni heimilt að taka sérstaka þóknun.

## 5. Tengigjald. Kr. 1 000.00.

## 6. Enduropnun heimæða. Kr. 200.00.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Suðurfjarðarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 7. júlí 1969.*

**Eggert G. Þorsteinsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## REGLUGERÐ

### um ávana- og fíkniefni.

Samkvæmt 4. gr. laga um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., nr. 14 20. júní 1923, sbr. lög nr. 43 2. maí 1968 um breyting á þeim lögum, er hér með úrskurðað, að ákvæði nefndra laga gildi um eftirtalin efni, auk lyfja og efna þeirra, sem falla undir 1. og 2. gr. laganna, þar sem sannað er við vísindalega rannsókn, að þau má misnota eða hafa lík skaðvænleg áhrif sem efni þau, sem nefnd eru í 2 gr.:

Kannabis (marihuana), lyselgið (LSD), meskalín (peyote) og psilócybin, svo og hvers konar blöndur og samsetningar, sem þessi efni hafa að geyma.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 14. október 1969.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*